

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 3. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Runólfur Þórarinnsson.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi, er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni eða um borð í skipi eða flugvél — annan en þann, sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 32 000 kr. að smásöluverði erlendis. Andvirði annarra vara en fatnaðar má þó eigi nema meiru en 16 000 kr. og andvirði matvæla (þar með talið sælgæti) eigi meiru en 3 200 kr. Þó má andvirði myndavéla, sjónauka, útvarpstækja og segulbandstækja nema $\frac{3}{4}$ hlutum (24 000 kr.) af upphæðinni, enda gangi tollgæslumenn úr skugga um, að andvirði nýrra vara í heild fari ekki fram úr 32 000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta hálfra þeirra réttinda er að framan greinir.

Ferðamenn eru háðir innflutningstakmörkunum í 3. og 4. gr.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. málslíð þessarar greinar fyrir allt að 7 000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 21 000 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 32 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Aðilar, sem þessi mgr. tekur til, eru sjálfráðir um það, hvaða vörutegund þeir taka með sér skv. þessu heimildarákvæði, og eru eigi háðir öðrum takmörkunum en þeim er leiða af 3. og 4. gr.

Ferðamönnum, búsettum erlendis, er heimilt að hafa með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda, til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðleguútbúnað og annan ferðabúnað, að því tilskildu, að varningur þessi geti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi héraðs og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist eigi héraðs.

2. gr.

Áfengi og tóbaksvörur.

Við komu til landsins er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengi og tóbaksvörum, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

	Áfengi þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl
1. Ferðamenn	1.0 l. Auk þess 1.0 l. af víni undir 21%	200 stk. vindlingar eða 250 gr. af öðru tóbaki	
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vél- stjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	2 × 0.75 l.	400 stk. vindlingar eða 500 gr. af öðru tóbaki	48 fl.
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð	0.75 l.	200 stk. vindlingar eða 250 gr. af öðru tóbaki	24 fl.
4. Flugáhafnir (þar með taldar aukaáhafnir)	0.375 l.	100 stk. vindlingar eða 125 gr. af öðru tóbaki	12 fl.

Skipverjar á íslenskum skipum, sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga, skulu tollafgreiddir samkvæmt 3. tl.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill veга 5 gr., hver smávindill 2.5 gr. og hver vindlingur 1.25 gr. Smávindlar 1.5 gr. og léttari reiknast sem vindlingar. Hver flaska af öli má innihalda allt að 0.5 l.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hérlandis samfleytt í 7 daga, má veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 gr. af öðru tóbaki til hverra 7 daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta skal heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess, að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun nafnskírteinis eða á annan fullnægjandi hátt.

3. gr.

Innflutningsbann.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita eigi undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum.

Innflutningur á vörum sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum eða leyfisveitingum er óheimill samkvæmt 1. gr. Geta því m. a. eftirtaldar vörur eigi notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Egg og hvers konar afurðir alifugla.
2. Smjör.
3. Lyf umfram þau sem eru til persónulegra nota viðkomandi far- eða ferðamanns.
4. Skotvopn.

4. gr.

Takmarkanir.

Tollundanþágur skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Tollyfirvaldi er heimilt að ákveða, að hátollavörur sömu tegundar megi eigi flytja tollfrjálst inn skv. 1. gr. nema fyrir tiltekinn hluta af þargreindum fjárhæðum.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta eigi oftár en einu sinni á sama sólarhringnum tollundanþágu skv. 1. og 2. gr.

Tollundanþága ferðamanna skv. 1. mgr. 1. gr. gildir eigi um hluta af verði munar, en tollundanþága skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 3. mgr. 1. gr., getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti viðkomandi munar sé innan við tvöfalda þá fjárhæð, sem tilgreind er í 3. mgr. 1. gr.

5. gr.

Af vörum sem eru undanþegar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjöld.

6. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum, skal við komu ótilkvaddur framvísa öllum farangri sínum við tollgæslumann. Að því búnu ber tollgæslumanni að inna farþega eftir, hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem innflutningur er bannaður á eða háður er innflutningstakmörkunum. Ef farþegi kveðst hafa meðferðis tollskyldan varning, þ. e. annan, meiri eða verðmætari varning en heimilaður er innflutningur á án greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar, skal hann skýra tollgæslumanni nákvæmlega frá varningnum og verðmæti hans. Af þeim varningi skal greiða aðflutningsgjöld að svo miklu leyti sem innflutningur hans er heimill.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram, er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni. Fyrirnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, áttýrnu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrnu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA“. Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til.

Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu, telst hann hafa svarað því, sem tollgæslumanni bæri ella að spyrja um, hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur meðferðis, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki, og framvísa honum ótilkvaddur fyrir tollgæslumanni.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns, skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun, sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan, skoðast hann ólöglega innfluttur og skal gerður upptækur til rikissjóðs.

7. gr.

Ýmis ákvæði.

Nú er varningur sem tollafgreiddur hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd, og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit skal öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 151 12. apríl 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 24. maí 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

22. febrúar 1978.

Nr. 196.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur húsfreyju, í Grímstungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að madatum af dómsmálaráðherra 22. febrúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur, húsfreyju í Grímstungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir verðlaunasjóður Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af vinum þeirra Grímstunguhjóna í Vatnsdal og víðar, hinn 13. maí 1960, í tilefni af 50 ára búskap Lárusar, 45 ára hjúskap þeirra hjóna og 70 ára afmæli Lárusar þann 10. desember s. l.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 27 500.00, er ávaxtist í Sparisjóði A-Hún. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né heldur sameina öðrum sjóði eða sjóðum. Tekjur sjóðsins eru sá hluti vaxta, er ekki komi til útborgunar (sbr. 6. gr.), svo og áheit og gjafir eða önnur framlög. Er allt slíkt jafnt háð ákvæðum skipulagsskrár, sem frumstofninn og má aldrei skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn þannig: Ráðunautur í búfjárrækt fyrir A.-Húnavatnssýslu, formaður búnaðarsambands A.-Hún., formaður búnaðarfélags Áshrepps, einn maður kosinn af sýslunefnd A.-Hún. til 4 ára í einu, einn niðji hjónanna Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur, bónda í Grímstungu, meðan til er, annars